

## Náttúruminjasafn? Já, takk!

Náttúrufræðistofnun Íslands er rannsóknastofnun í eigu ríkisins. Hún heyrir til umhverfisráðuneytis og starfar skv. lögum nr. 60/1992 í Reykjavík og á Akureyri. Höfuðstöðvarnar eru við Hlemmi í Reykjavík og þar eru einnig sýningarsalir Náttúrugripsafns Íslands.

Náttúrufræðistofnun hefur það hlutverk að afla upplýsinga um náttúru landsins, safna og varðveita eintök af íslenskum lífverum, steindum og bergi og að miðla þekkingunni um náttúru landsins til samfélagsins. Í vísindasöfnum stofnunarinnar eru yfir þrjár milljónir safngripa og ómetanlegar upplýsingar um náttúru landsins t.d. um hvítabirni og helsingja, engjarós og Eyvafen, móberg og máriuerlu, álfaklukku og Álftanes, hringanára og haugarfa, villilín og Vatnajökul ...

Öll þessi undur Íslands má sýna á áhugaverðan hátt í nútímalegu náttúru- og vísindasafni sem lítur heildstætt á náttúru landsins, útskýrir þau öfl sem knýja hana og móta, og veitir innsýn í sambúð manns og náttúru.

**Svona safn þurfum við sem allra fyrst!**



## Náttúrufræðistofnun Íslands Dagskrá

Safnanótt 23. febrúar 2007  
kl.19:00-24:00

### Hefurðu rekist á hvítabjörn?

kl. 19:00

Biðskýli Strætó á Hlemmi  
Örsýning um hvítabirni á Íslandi og  
loftslagsbreytingar

### Náttúruminjasafn? Já takk!

kl. 19:30, 21:30, 22:30

Hlemmi 3 (gengið inn frá Hverfisgötu)  
Leiðsögn og umræður í sýningarsölum safnsins

### Loftslagsbreytingar og

#### lífið á norðurslóð

kl. 20:30, 21:30

Möguleikhúsið, Hlemmi  
Stuttir fyrirlestrar og umræður:  
Dr. Snorri Baldursson  
plöntuerfðafræðingur NÍ  
Dr. Guðmundur A. Guðmundsson  
dýravistfræðingur NÍ

### Náttúra Íslands í lifandi mynd

Möguleikhúsið, Hlemmi  
Þrjár kvikmyndir eftir Magnús Magnússon:  
kl. 20:00 Undir smásjanni: Mývatn  
kl. 21:00 Minkur í náttúru Íslands  
kl. 22:00 Fuglamerkingar í 100 ár



www.ni.is















## HEFURÐU REKIST Á HVÍTABJÖRN?

## Loftslagsbreytingar

“Loftslagsbreytingar eru staðreynd og yfirgnæfandi líkur eru á að þær séu af mannavöldum“  
Alþjóðlega vísindaráðið um loftslagsbreytingar (IPCC), feb. 2007

Loftslag á norðurslóðum hlýnar mun hraðar en annars staðar á jörðinni. Því er spáð að meðalhiti þar í lok aldarinnar verði 4–7°C hærri en hann er nú. Mest mun hlýna á Norður-Íshafi og í Síberíu en mun minna á Norður-Atlantshafi eða 2–3°C. Sum líkön spá því að sumarísinn verði horfinn af Norður-Íshafi í aldarlok.

Hlýnandi loftslag mun valda miklum breytingum á umhverfi, lífsháttum og menningu á norðurslóð:


-  veðurfar verður óstöðugra
-  sjávarstaða hækkar
-  hafís og jöklar bráðna
-  sífrerinn bráðnar
-  norrænar tegundir hopa eða hverfa
-  skordýrplágur verða öflugri
-  skógareldar verða skæðari
-  umferð skipa um norðurslóðir eykst
-  hafstraumar breytast
-  veiðistofnar í hafi og á landi breytast
-  barrskógar breiðast út
-  lífsskilyrði í höfunum breytast
-  skilyrði til ræktunar batna
-  nýjar siglingaleiðir opnast

## Hefurðu rekist á hvítabjörn?

Hvítabirnir eru einkennisdýr norðurhjarans og eru nú orðnir tákni um þá ógn sem lífríki norðurhjarans stafar af loftslagsbreytingum.

Á norðurslóðum eru nú 20-25 þúsund hvítabirnir. Þeir eru á alþjóðlegum valista og bannað er að drepa þá nema í sjálfsvörn. Frumbyggjar hafa þó veiðikvóta.

Hvítabirnir hafa alltaf öðru hvoru slæðst til Íslands með hafís. Um 500 komur hvítabjarna hafa verið skráðar frá landnámi, þar af um 50 á síðustu öld.



Kortið sýnir hvar birnir hafa sést eða verið felldir samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar. Hver hringur getur táknað fleiri en eitt dýr.

Síðast sást hvítabjörn úti af Vestfjörðum árið 1993 og var hann drepinn á sundi.

## Safnanótt 23. febrúar 2007

Í tilefni Safnanætur hefur Veiðisafnið á Stokkseyri lánað Náttúrufræðistofnun nýlega uppsettan hvítabjörn, sem er upprunalega frá Grænlandi. Strætó bs. útbjó sýningarpláss á biðstöðinni á Hlemmi undir björninn þar sem hann verður til sýnis frá 23. febrúar til 4. mars n.k.

Auk þess að vekja athygli á umræðunni um loftslagsbreytingar er sýningunni á Hlemmi ætlað að minna á að enn eiga Íslendingar eftir að reisa boðlegt sýningarsafn um náttúru landsins.



NÁTTÚRUMINJASAFN  
JÁ  
TAKKI  
ÍSLANDS

Sýningarhönnun: Þórunn S. Þórgrímsdóttir  
Lýsing: Páll Ragnarsson  
Texti: Álfheiður Ingadóttir og Snorri Baldursson  
Grafík: Anette Meier og Lovísa Ásbjörnsdóttir

